



## Fundargerð

Fimmtudaginn 19. nóvember var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólapjónustu A-Hún kl. 16.00 á skrifstofu Félags- og skólapjónustunnar að Flúðabakka 2 á Blönduósi. Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Jón Gíslason og Péturína L. Jakobsdóttir. Sigurgeir Þór Jónasson og Dagný Rósa Úlfarsdóttir boðuðu forföll og sátu varamennirnir Jón Örn Stefánsson og Karen Helga Steinsdóttir fundinn í þeirra stað. Auk þess sátu fundinn Sara Lind Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri, Jökulrós Grímsdóttir forstöðumaður Sæborgar og Alexandra Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri félagsþjónustunnar.

Formaður stjórnar, Jón Gíslason, setti fundinn og stjórnaði honum. Framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Fjárhagsáætlun 2021 (fyrri umræða)

Framkvæmdastjóri lagði fram forsendur að fjárhagsáætlun vegna 2021 samhliða áætlun og skýrði helstu liði hennar. Þá var lagt fram og farið yfir innbyrðis kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna og þær forsendur sem liggja til grundvallar skiptingunni. Gert er ráð fyrir aukningu á framlögum á milli ára vegna aukins þunga í rekstri lögbundinna verkefna sem felur meðal annars í sér aukningu á stöðugildi í félagsþjónustunni. Stjórn ræddi áætlunina og vísaði henni til seinni umræðu.

#### 2. Viðauki vegna rekstrar 2020

Fyrir fundinum lá viðauki vegna rekstrar 2020 sem framkvæmdastjóri fór yfir og útskýrði. Viðaukinn kemur til annars vega vegna aukins launakostnaðar og búnaðakaupa vegna dreifnáms. Þá var í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags hjúkrunarfræðinga fyrir árin 2015-2019 samið um að röðun starfa hjá félagsmönum stéttarfélagsins verði samkvæmt niðurstöðu starfsmatskerfinsins SAMSTARF frá 1. júní 2018. Á fundi framkvæmdarnefndar starfsmats þann 5. október 2020 var mat á störfum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga samþykkt. Niðurstöður starfsmatsins gilda frá 1. júní 2018 og þurfti því að endurreikna laun hjúkrunarfræðinga sem starfandi eru hjá Sæborg frá

J.H.S  
1

XHRS

J.E.

A PLS



þeim tíma. Stjórn samþykkti viðauka vegna rekstrar sem nemur alls 13,9 m.kr. og verður honum mætt með lækkun á handbæru fé.

### 3. Viðbrögð vegna Covid19

Félagsmálastjóri og forstöðumaður Sæborgar fóru yfir viðbrögð vegna Covid19 í félagsþjónustunni og hjá Sæborg. Vel hefur tekist að breyta verklagi og verkferlum í takt við ástandið og kom fram að aðbúnaður og aðstaða á Sæborg er til fyrirmynadar.

### 4. Framkvæmdir

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu framkvæmda og greindi frá því að vegna Covid19 hafi framkvæmdir dregist á langinn og að ljóst sé að ekki verði hægt að klára allar áætlaðar framkvæmdir á árinu.

- **Hnitbjörg:**

Framkvæmdastjóri greindi frá áætluðum kostnaði við endurbætur á íbúðum að Hnitbjörgum en fram kom að þær framkvæmdir sem ráðist hefur verið í hingað til hafi farið tölvert fram úr áætluðum kostnaði. Var framkvæmdastjóra falið að greina kostnaðarþætti og gera verðkönnum fyrir næsta fund.

Áætlað er að ráðast í framkvæmdir á þaki á Hnitbjörgum á næsta fjárhagsári en stjórn var sammála um að hefja ekki framkvæmdir við kjallara fyrr en komist hefur verið fyrir leka frá þaki.

- **Sæborg:**

Fram kom að unnið sé að framkvæmdum við Sæborg til þess að koma í veg fyrir leka í sólstofu og herbergi á SV-horni, en ummerki um raka fundust í þakrými undir þakkanti.

Framkvæmdir við þakkant munu freast fram á næsta fjárhagsár.

Viðverandi vandamál hefur verið vegna uppsöfnunar vatns á gólfum í kjallara sem líklega er tilkomið vegna jarðvatns sem lekur inn á steypuskilum milli gólfplötu í



kjallara og útveggjar. Brunndæla hefur verið endurnýjuð og vonast til þess að þær framkvæmdir reynist fullnægjandi.

- **Ægisgrund 4, 6, og 8:**


Framkvæmdastjóri lagði fram uppfærða kostnaðaráætlun vegna endurnýjunar á þakklæðningu á Ægisgrund 4, 6, og 8. Fram kom að framkvæmdir muni hefjast á næstu dögum og klárist því á árinu ef tíðarfari leyfir.

## 5. Ráðgjafasamningur

Fyrir fundinum lá undirritaður samningur um mannaðsráðgjöf við ráðgjafafyrirtækið Projects frá 26. júní 2020 sem stjórn staðfesti.

## 6. Önnur mál

Ekki var fleira tekið fyrir undir þessum lið og fundi slitið kl. 17:50




Jón Gíslason



Péturína L. Jakobsdóttir



Karen Helga Steinsdóttir



Jón Örn Stefánsson



Alexandra Johannesdóttir